

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 660/2016. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum ber sveitarfélaginu að taka við þeim úrgangi sem til fellur innan þess og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

#### 2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og komið í viðeigandi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

#### 3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir:

Lítill bú	1-50 einingar	kr. 25.000
Meðalstór bú	51-249 einingar	kr. 59.500
Stór bú	250 og fleiri einingar	kr. 150.000

Fjöldi eininga á hverju býi er fundinn með því að margfalda fjölda búpenings með ákveðnum stuðlum sem eru mismunandi eftir tegundum búfjár. Stuðlarnir eru þessir:

Sauðfé og geitfé	0,20
Nautgripir	1,50
Hross	1,00
Svín	0,20
Hænsn	0,01

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

*Borgarnesi, 13. janúar 2020.*

**Lilja Björg Ágústsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2020